



29. ágúst 2023

Fréttatilkynning: Afkoma Sýnar hf. á fyrri helmingi ársins 2023.

Rekstrarhagnaður Sýnar nam 1.002 m.kr. á fyrri helmingi árs

Árshlutareikningur samstæðu Sýnar hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2023 var samþykktur á stjórnarfundum þann 29. ágúst 2023.

Rekstrarhagnaður (EBIT) Sýnar hf. nam 1.002 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins 2023 og eykst um 39% á milli ára. Rekstrarhagnaður á öðrum ársfjórðungi var 574 m.kr., samanborið við 322 m.kr. á fyrri ári.

Hagnaður eftir skatta á fyrstu sex mánuðum ársins nam 483 m.kr. samanborið við 273 m.kr. á sama tímabili árið 2022.

Vænta má niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins vegna kaupa Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar ekki síðar en 28. september. Umsamið kaupverð er kr. 3.000 m.kr.

Sölutorgið Bland.is var nýverið keypt. Í október má búast við niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins vegna kaupa á öllu hlutfé Eignarhaldsfélagsins Njálu, móðurfélagi Já hf., sem rekur vefsíðuna ja.is. Með kaupunum á Já og Bland verður til ný tekjustoð í rekstri Sýnar, verslun og vöruleit, auk þess sem auglýsingaplássam á vefmiðlum Sýnar fjölga til muna.

Afkomuspá vegna ársins 2023 er óbreytt, EBIT 2.200 m.kr. til 2.500 m.kr. án einkiptishagnaðar vegna sölu stofnnets.

Helstu niðurstöður:

- Tekjur á fyrstu sex mánuðum ársins voru 11.493 m.kr. samanborið við 11.691 m.kr. á sama tímabili í fyrra. Tekjur af reglulegri starfsemi jukust um 6,5% á milli tímabila. Góður vöxtur var í auglýsingasölu, einkum hjá vef- og útvarpsmiðlum, og einnig í reiki. Fyrri helmingur 2022 einkenndist af óreglulegum tekjum í fjarskiptum og búnaðarsölu hjá Endor.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) á 2F nam 574 m.kr. samanborið við 322 m.kr. á 2F 2022. Hagnaður eftir skatta á fyrstu sex mánuðum ársins nam 483 m.kr. og eykst um 77% á milli ára.
- Rekstrarkostnaður hélst stöðugur þrátt fyrir áskoranir í ytra umhverfi s.s. verðbólga og launahækkningar á almennum vinnumarkaði. Lækkandi kostnaður við erlenda sýningarrétti, auk samninga við lykilmirgja valda umtalsverðu hagræði í afskriftum á rekstrarreikningi.
- Heildar fjárfestingar á fyrstu sex mánuðum ársins 2023 námu 2.220 m.kr. þar af eru fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum (án sýningarrétta) 1.245 m.kr. og fjárfesting í sýningarréttum 975 m.kr.



visir



SPORT

BYLGJAN
989





- Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins vegna kaupa Ljósleiðarans á stofneti Sýnar er væntanleg ekki síðar en 28. september. Umsamið kaupverð er 3.000 m.kr. og gert er ráð fyrir að viðskiptin hafi jákvæð áhrif á rekstrarkostnað Sýnar um 100 m.kr. nettó á ári. Þá lækki árleg fjárfestingaþörf í kringum 120 m.kr. yfir samningstímann. Áhrif á rekstur og fjárfestingar koma fram að fullu á árinu 2024.
- Á fyrri hluta ársins voru framkvæmd kaup á eigin bréfum fyrir 930 m.kr. í öfugu útboði og samkvæmt reglulegri endurkaupaáætlun. Arðgreiðsla til hluthafa var innt af hendi í apríl að fjárhæð 281 m.kr.
- Skrifað var undir kaupsamning á rekstri Já í febrúar á þessu ári. Áætlað að með kaupunum muni velta félagsins aukast um rúmlega 500 m.kr. á ári og EBITDA aukast um kringum 70 m.kr. án tillits til samlegðaráhrifa.
- Víðtækur samstarfssamningur var undirritaður við Viaplay sem felur í sér einkarétt á vöndli Viaplay við vörur Vodafone og Stöðvar 2.
- Rekstur Endor hefur verið sterkur á árinu og í takt við væntingar. Lækkun í tekjum á öðrum ársfjórðungi skýrist af gegnumstreymis tekjum vegna erlendra verkefna á sama tíma í fyrra. EBIT félagsins á fyrri helmingi ársins hefur hækkað um rúm 50% frá fyrra ári. Væntingar eru um áframhaldandi stíganda í þjónustutekjum á síðari helmingi árs, auk umtalsverðrar vörusölu.

Yngvi Halldórsson, forstjóri:

„Rekstrarhagnaður heldur áfram að vaxa í takt við áætlanir. Við sjáum líka ágætan takt í tekjum í kjarnastarfsemi þótt beinn samanburður sé erfiður við fyrra ár vegna óreglulegra tekna. Einkar ánægjulegt er að sjá sterkan tekjuvöxt og framlegðaráukningu í auglýsingatekjum og reiki, auk þess að áfram er góður gangur í fjarskiptum fyrirtækja.

Við höfum undanfarið gert mjög góða samninga sem munu styrkja félagið þegar fram líða stundir. Í fyrirtækjakaupum þá keyptum við Já en sá samruni er í meðhöndlun hjá SKE. Einnig keyptum við sölutorgið Bland.is sem við höfum nú þegar fengið afhent. Við sjáum mikil tækifæri í auglýsingum og annarri þjónustu á vefmiðlum og eru þessi kaup liður í því.

Við gerðum tímamótasamning við Viaplay og með þeim samningi er Vodafone með einkarétt á sölu á Viaplay vörunum í vöndli við aðrar vörur. Með þessu erum við meðal annars að einfalda líf sport áhugamanna með lækkun á heildarkostnaði heimila.

Nú í ágúst setti Vodafone í loftið fjölbreytta fjarskipta- og afþreyingarpakka sem henta öllum gerðum af heimilum. Viðtökur viðskiptavina hafa verið mjög góðar og er stefnan sett á aukningu í markaðshlutdeild í kjarnastarfsemi á næstu mánuðum.“

Efnahagur 30. júní 2023:

Eigið fé í lok tímabilsins nam 8.724 m.kr. og eiginfjárlutfall var 27%.

Heildarskuldir félagsins voru 23.667 m.kr. í lok annars fjórðungs 2023. Vaxtaberandi langtímaskuldir námu 4.623 m.kr. en hreinar vaxtaberandi skuldir að viðbættum leiguskuldbindingum voru 17.899 m.kr. og veltufjárlutfall 1,31.





Fjárhagsdagatal 2023:

- | | |
|--------------------------------|------------------|
| ✓ Afkoma 3F 2023 | 8. nóvember 2023 |
| ✓ Afkoma 4F og ársuppgjör 2023 | 21. febrúar 2024 |
| ✓ Aðalfundur | 15. mars 2024 |

Kynningarfundur 30. ágúst 2023 á Hilton Reykjavík Nordica:

- Opinn kynningarfundur vegna uppgjörins verður haldinn miðvikudaginn 30. ágúst kl. 8.30 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík. Jafnframt verður hægt að fylgjast með fundinum í beinu streymi, en vefslóðin verður birt hér: <https://syn.is/fjarfestatengsl/arshlutareikningar>.
- Tekið er á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@syn.is.
- Nánari upplýsingar má nálgast á síðu [fjarfestatengsla](https://syn.is/fjarfestatengsl) Sýnar á <https://syn.is/fjarfestatengsl> og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.